

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Móskógar, deiliskipulag tveggja lóða.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 20. október 2021, tillögu að deiliskipulagi fyrir Móskóga. Tillagan tekur til tveggja lóða, hvor um sig 1 ha, sem skipt er út úr jörðinni Móskógum. Heimilt verður að byggja íbúðarhús, bílskúr og skemmu á hvorri lóð.

Jórvík 1, breyting á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 15. desember 2021, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Jórvíkur 1. Markmið breytingarinnar er að bæta nýtingu byggingarlands og innviða en minnka vægi bílastæða og umferðar á svæðinu. Tillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall einstakra fjölbýlishúsa verði hækkað og heimila aukinn fjöldi íbúða á svæðinu. Fjöldi íbúða á svæðinu mun aukast úr 144 í 228.

Hellismýri 4 og Breiðumýri 3, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykki á fundi sínum 19. janúar 2022, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi vegna lóðanna Hellismýri 4 og Breiðumýri 3, Selfossi. Tillagan felst í því að sameina þessar tvær lóðir í eina.

Ofangreindar skipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 2. febrúar 2022.

F.h. bæjarstjórnar,

Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. febrúar 2022